

Mál nr. 266/2008

Endurupptaka

M vegna bifreiðarinnar A og Vátryggingafélagið X v. ábyrgðartryggingar sveitarfélags

Bifreið varð fyrir tjóni þegar henni var ekið út í vatnstjörn á fjölförnum vegi þann 8. febrúar 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.11.2008 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 5.12.2008, ásamt fylgiskjali 1-3.
3. Beiðni um endurupptöku M, dags. 27.02. 2009.
4. Bréf vátryggingafélagsins vegna beiðni M um endurupptöku, dags. 26.03. 2009.

Málsatvik.

Málsatvikum er lýst í fyrirbyggjandi úrskurði, dags. 2. janúar 2009. M lýsir atvikum þannig að hann hafi ekið bifreið sinni A eftir Nýbýlavegi til austurs á eftir bifreið sem ekið var í sömu átt og þegar komið var undir brúnna við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Nýbýlavegar hafi verið þar stór vatnstjörn og stöðvaðist A í vatnseignum og komst ekki lengra og vél A eyðilagðist. Fyrir liggur samkvæmt dagbók lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að vaktmanni á vegum K var tilkynnt um að vatn væri farið að safnast fyrir á þeim stað þar sem A varð fyrir tjóninu og sagðist vaktmaðurinn gera vinnuflokki á vegum bæjarins viðvart.

Vísað er til fyrirbyggjandi gagna varðandi afstöðu aðila. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi og að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi. Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu, það telur að skilyrði endurupptöku séu ekki fyrir hendi þar sem ný gögn hafi ekki komið fram.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirbyggjandi gögnum hafa komið fram nýjar upplýsingar sem réttlæta endurupptöku málsins. Gögnin varpa fyllra ljósi á aðstæður og það sem gerðist.

Virðist sem starfsmenn bæjarins hafi ekki brugðist nægjanlega rétt við þeirri hættu sem fyrirbyggjandi var. Samkvæmt dagbók lögreglu fékk starfsmaður bæjarins tvær tilkynningar um ástandið en svo virðist sem ekkert hafi verið aðhafst fyrr en upp úr kl. 23. Umrædd vanræksla veldur bótaskyldu í máli þessu. Starfsmenn bæjarins hefðu þurft að grípa mun fyrr til ráðstafna en gert var vegna hins mikla vatnsveðurs sem fyrir hendi var.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann bifreiðarinnar.

Þess ber að geta, vegna umfjöllunar M um úrskurðarnefndina og ákvæði stjórnarsýslulaga um andmælarétt og upplýsingaskyldu, að nefndin er ekki stjórnarsýslunefnd samkvæmt nefndum lögum. Hún tekur ekki ákvarðanir um réttindi og skyldur aðila samkvæmt lögnum. Úrskurðarnefndin metur hverju sinni hvort tilefni er til að gefa málskotsaðila tækifæri til að tjá sig um andmæli þess vátryggingafélags vegna málskots sem um ræðir hverju sinni. Það er nefndarinnar að meta hvenær tímabært þykir að taka afstöðu til málskotsins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr umræddri ábyrgðartryggingu.

Reykjavík 31. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.